

Minnisblað

Til: Fræðslunefnd
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 21. febrúar 2023
Mnr. 2023020102



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Tangi, sjálfstæður skóli

Í lok janúar 2023 varð leikskóladeildin Tangi 6 ára en hún hefur verið rekin sem deild undir Sólborg, þó hún sé staðsett í öðru húsnæði. Á leikskólanum eru öll 5 ára börn búsett á Ísafirði og Hnífsdal og er þetta ákveðinn undirbúningur fyrir grunnskólagöngu barnanna. Þau læra á skólaumhverfið enda er Tangi staðsettur á mótum Grunnskólanum á Ísafirði. Tangi hefur markað sér ákveðna sérstöðu með útináminu sínu og þjálfast börnin við að vera úti í allskonar veðri.

Leikskólastjóri Sólborgar er staðsettur á Tanga tvo daga í viku og hina þrjá í leikskólahúsnæðinu á Torfnesi. Sérkennslustjórinn ver einnig miklum tíma á Tanga og fer það eftir þörfum hversu mikill tími það er í hverri viku. Maturinn fyrir börn og starfsfólk kemur frá Sólborg á Torfnesi og er honum skutlað til þeirra. Það gefur því augaleið að mikill tími ákveðinna starfsmanna fer í að fara á milli þessara tveggja staða. Jafnframt telja stjórnendur það vera snúið og slítandi að reka leikskóla sem staðsettur er í tveimur húsnæðum, því næg eru verkefni þó hann sé aðeins í einu húsnæði. Er það ein ástæðan fyrir því að hugmyndin kom upp um að gera Tanga að sér leikskóla. Einnig er það mat stjórnenda að Tangi sé vel mannaður og þar sé fólk tilbúið til að fara sínar eigin leiðir með skólann.

Til að Tangi geti verið sjálfstæður leikskóli þarf að gera minniháttar skipulagsbreytingar. Ráða þarf leikskólastjóra á Tanga og fækka deildarstjórum úr tveimur í einn. Á Sólborg þarf að gera nýja ráðningarsamninga við leikskólastjórnendur sem miðast við að þar verði færri börn eftir að Tangabörnin verð tekin úr menginu. Við þær breytingar lækka laun stjórnenda á Sólborg en á sama tíma minnkar álagið og meiri tími gefst í faglegt starf. Í heildina kostar þessi breyting um það bil kr.130.000 á ári. Búið er að ræða við bæði deildarstjóra á Tanga og skólastjórnendur á Sólborg og þar eru allir sammála um að gera Tanga að sér skóla.

Sviðsstjóri skóla- og tómsfundasviðs leggur til við fræðslunefnd að leikskóladeildin Tangi verði tekinn út úr rekstri leikskólans Sólborgar og gerður að sér leikskóla fyrir 5 ára börn.